



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga um tvístefnu í Sólvallagötu

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að tvístefnuakstur verði á Sólvallagötu milli Hofsvallagötu og Hólatorgs.
- Að heimilt verði að leggja samsíða við götukant sunnan til í Sólvallagötu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní 2023 var samþykkt tillaga þess efnis að Sólvalla- og Ásvallagata yrðu einstefnugötur. Með þessari tillögu er verið að draga til baka ákvörðun um að Sólvallagata verði einstefnugata milli Hofsvallagötu og Hólatorgs.

Í kjölfar samþykktarinnar í sumar bárust ýmsar ábendingar frá íbúum þar sem lýst var ýmist stuðningi eða andstöðu við þá niðurstöðu. Var því tekin ákvörðun um að kanna hug íbúa í götunum gagnvart breytingunum að nýju, en síðast var slík könnun gerð árið 2017.

Íbúum var send könnun með SMS skilaboðum. Einnig var bréf borið í hús til þeirra íbúa sem ekki náðist í með SMS skilaboðum. SMS skilaboð sem komust til skila voru 188 og bréf sem voru borin út voru 192. Niðurstaða könnunarinnar er nokkuð afgerandi. Íbúar Ásvallagötu voru hlyntir því að gatan væri einstefnugata líkt og ráðið samþykkti 28. júní síðastliðinn. Í póstkönnunni voru 80% íbúa Ásvallagötu fylgjandi einstefnu í þeirri götu en meðal þeirra sem tóku þátt í gegnum SMS könnunina var hlutfallið 70%. Íbúar Sólvallagötu voru aftur á móti flestir á því að gatan ætti að vera tvístefnugata áfram. Meðal íbúa Sólvallagötu voru 90% þeirra sem tóku þátt í póstkönnun og 85% þeirra sem tóku þátt í SMS könnuninni, fylgjandi því að hafa Sólvallagötu áfram sem tvístefnugötu.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri